

skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

49. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að nái fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmast gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við löginn bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

IX. KAFLI.

33. gr.

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármálaráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.